

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2016.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2016:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 17. gr.	39.862	478.344
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	39.862	478.344
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	29.469	353.628
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	39.862	478.344
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	29.469	353.628
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	39.862	478.344
Tekjutrygging ellilífeyrisþega, skv. 2. mgr. 22. gr.	125.793	1.509.516
Tekjutrygging örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyrisþega, skv. 3. mgr. 22. gr.	127.652	1.531.824
<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>
Vasapeningar, skv. 8. mgr. 48. gr.		58.529
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	3.101	
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		29.469
		353.628

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2016:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	8.531	102.372
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	22.180	266.160
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	29.469	353.628
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	159.450	1.913.400
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	134.011	1.608.132
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	43.894	526.728
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	32.881	394.572
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	39.862	478.344
Heimilisuppbót, skv. 8. gr.	37.071	444.852
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	14.734	176.808

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2016. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1221/2014, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2015.

Velferðarráðuneytinu, 21. desember 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.